

7 Lóð
1 : 500

340.000 m2 93,5m2
Samtals 31.790.000
+gatnagerðargj.

350.000m2 59,5m2
Samtals 20.825.000
+gatnagerðargj.



1 Grunnmynd
1 : 100



3 Norður
1 : 100



4 Suður
1 : 100



2 Austur
1 : 100



5 Vestur
1 : 100



6 Snið
1 : 100

0 1 2 3 4 5 10m

Skýringartákn
1 : 100

Upprunalegur hönnuður:

B.O	Björgunarop
ÚT	Útmerki
	Tvíburatengi
GN	Gólfniðurfall
	Stjórntafla brunv. kerfis
	Lagnagrind vatnsúðarakerfi
	Reyklosun
R	Reykskynjar
LR	Loftræsting
NF	Niðurfallsrör
GL	Opnanlegur hleri í lofti
GG	Gat í gólfi 2,2x2,2
30m	Brunaslanga
El60Csm	Brunalokanir

Byggingarlýsing
Byggingarlýsing: (112/2012 4.3.9. gr.)
Landnúmer: xxx
Fastanúmer: xxx
Staðgreinir: xxx
Byggingin verðu einnar hæðar raðhús sem staðsett verður í Mývatnssveit. Tvö hellulögð bílastæði verða staðsett fyrir framan hverja íbúð. Bakvið húsið verður hellulagt svæði fyrir grill o.s.frv.

Birt flatarmál:		Brúttó Rúmmál	
Íbúð 0101:	93,5m²	Íbúð 0101:	350,0m³
Íbúð 0102:	59,5m²	Íbúð 0102:	223,1m³
Íbúð 0103:	59,5m²	Íbúð 0103:	223,1m³
Íbúð 0104:	59,5m²	Íbúð 0104:	223,1m³
Íbúð 0105:	59,5m²	Íbúð 0105:	223,1m³
Íbúð 0106:	93,5m²	Íbúð 0106:	350,0m³
Heildar flatarmál hússins:	**425m²**	**Heildar rúmmál hússins:**	**1 592,4m³**

Stærð lóðar: xxx **Nýtingahlutfall: xxx**

Aðkoma: (112/2012 4.3.9. gr.)
Frá aðliggjandi götu.
Grundun (112/2012 4.3.9. gr. & 9.9.2. gr.)
Grafa skal niður á frostfrían, burðarhæfan jarðveg. Grafið er út fyrir húsgrunni niður á fastan óhreyfðan jarðveg. Grafa skal jafn langt út fyrir undirstöður og dýpt graftrar er. Grunnur skal hreinsaður vel áður en fyllt er í hann. Fyllt skal í grunninn með burðarhæfri, frostfrírri fyllingu sem þjappist vel í þunnum lögum. Fara skal alfarið eftir fyrirmælum RB-blaða um efni og vinnu við þjöppun.

Sökklar og undirstöður (112/2012 4.3.9. gr.)
Sökkulveggir skulu vera 200mm þykkir að lágmarki og skal að lágmarki einangra með einangrunarplasti (EPS) sem er 100mm þykk (24kg/m³). Sökkla skal klæða með sömu þykkt og gæðum af EPS einangrunarplastinu. Fylgja skal teikningum rafmagnshönnuðar varðandi frágang á sökkulskautum.
Gólfplatan skal vera 120mm þykk sem er járnbennt með mottum 5 mm þykkum að gerðinni Q130B eða sambærilegt efni.

Þak: (112/2012 4.3.9. gr. & 9.9.2. gr.)
Burðarvirki þaksins verður úr kraftsperrum með hámark 1000mm (c/c) fjarlægð á milli allra kraftsperra. Klæðningin verður 22mm nótaður panell sem klæðist með asfaltpappa og bárujárnsklæðningu. Einangrunarlag kemur í neðri brún kraftsperrunnar einar fyrst er einangrað með 50mm einangrun svo er lagt einangrunarlag sem er 220mm að þykkt með vindpappa að ofanverðu, skal setja vír til að halda uppi einangruninni með c/c 300mm að neðan verðu eða skrúfa lagnagrindina 28*70mm með lengri skrúfum en uppgefið er. Loftræsing um þakskegg. Undir kraftsperruna skal rakavarnarlagið koma og undir það kemur lagnagrind sem klæðist með einu lagi af hefðbundnu gifsi.

Útveggir: (112/2012 4.3.9. gr. & 9.9.2. gr.)
Útveggir koma í einingum frá framleiðandanum Mjöbäcks í Svíþjóð uppbygging veggjanna er standandi 22mm klæðning sem situr á liggjandi 28mm lektu sem klæðist á vindpappa sem situr á 30mm einangrunarlagi.
Burðargrindin er 170mm þykk einangrunarfyllt, sem fest er á rakasperra. Þetta er uppbygingin á veggnum frá Svíþjóð. Eftir að veggirnir eru settir upp þarf að leggja lagnagrind, leggja allar lagnir samkvæmt teikningum og einangra bilið með 45mm einangrun. Klæðist veggurinn svo með 11mm OSB plötu sem fær 12,5mm hefðbundið gifslag innaná sig.
Útveggir verða hvítir á litinn.

Innveggir : (112/2/2012)
Svokallaður brandveggur verður á milli allra íbúða og er ekki leyfilegt að leggja lagnir í þann vegg án þess að hafa samband við hönnuð og skal það gert skriflega. Skal brandveggurinn ná frá botnplötu upp til neðri brúnar þakklæðningar. Skal veggurinn ná að rakavarnarlagi útveggja. Brandveggurinn er byggður upp með sexföldu gifsi í það heila. Sjá teikningu grunnmyndar.
Aðrir innveggir eru byggðir með 70mm uppistöðum sem klæddir eru með 11mm OSB plötu beint á grindina sem fær endanlega áferð með 12,5mm hefðbundnu gifsi. Einn veggur er þykkari Þ.a.s lagnaveggurinn sem er staðsettur í geymslum byggingarinnar, sá veggur er með 145mm uppistöðum en með sama sniði og léttir innveggir byggingarinnar að öðru leiti.
Athygli er vakin á að ekki neinn veggur innandyra er berandi.

Varmaeinangrun (112/2012 13.3.2. gr.)

Krafa byggingarreglugerðar.		Raungildi hússins.
U-gildi (W/m²k) sem eru:		
Þak:	<0,15	0,15
Útveggir:	<0,25	0,144
Gluggar/hurðir:	<1,70	1,2
Gólf:	<0,20	0,19

Loftræsing íbúðar (112/2012 10.2.5. gr.)
Þau rými sem eiga að vera með loftræsingu eru geymsla sem skal blása út fyrir ofan einangrunarlag þaksins, eldhús sem blæs einnig uppá loft. Þetta er gert til að tryggja hreyfingu lofts fyrir ofan einangrun í þaki. Þar sem opnanlegur gluggi er á salerni er ekki krafa um að það sé með loftræsikerfi. Salerni skal loftræsa í gegnum þakið sé það loftræst á annað borð. En tryggja þarf að byggingarreglugerðin sé uppfyllt sem kveður á um 20 l/s frá þvottaherbergi.

Brunavarnir: (112/2012 4.3.9. gr.)
Almennt: Hver íbúð er sér brunahólf.
Slökkvitæki: Skal staðsett í anddyri hverrar íbúðar.
Lagnakerfi: (112/2012 4.3.9. gr.)
Upphitun íbúðanna er í gegnum gólfhitakerfi.
Algild hönnun: (112/2012)
Íbúðirnar uppfylla kröfu um algilda hönnun.
Frágangur lóðar: (112/2012 7.2 kafli).
Lóðinni verður skilað með hellulögn og grasi í samræmi við teikningar lóðar.
Meðhöndlun sorps:
Öll meðhöndlun sorps skal vera í samræmi við reglur sveitafélagsins.

Öll mál eru í mm. Mælið ekki af teikningum. Öll mál athugist á staðnum. Ósamræmi í teikningum og vafaatriði skal tilkynna arkitektum strax.

Tölvuskrá: C:\Users\ingva\Belkod AB\Höskuldur Skúli Hallgrímsson - Belkod AB\Sala\Teikningar Belkod\FC 6.0 Belkod\FC 6.0 Belkod.rte

Útg.Tilv.*	Dags.	Teikn. Skýring / Breyting.	Samþ.vk.	Dags.

*Tilvísun: ÚTR: útgáfa innri rýni, ÚSV: útgáfa samþ. verkkaupa, ÚTF: útgáfa til framleiðenda,
ÚTB: útgáfa f.byggingarnefnd, ÚTV: útgáfa verkteikningar

VERKKAUPI / EIGANDI
Verktegund
TEGUND VERKS

Heimilisfang
GATA/STAÐSETNING

Unnamed

LANDNÚMER:	XXXXXX
STAÐGR.:	XXXX-X-XXXXXXX
MHL:	
MKV.:	As indicated
BLAÐSTÆRÐ:	
ÚTGÁFA DAGS:	
STOFN DAGS:	
TEIKNAÐ:	Author
YFIRFARIÐ:	Checker

00-00 – 07 – – A – – **008** –
VERKNR. MAPPA SVEÐ ÁBYRGÐ SFB NR. RÆÐNR. ÚTGÁFA

Ingvar Jónsson
tel: +(46)76 836 75 71
e-post: ingvar@belkod.se

Í VINNSLU
EKKI TIL NOTKUNAR Á BYGGINGARSVÆÐI

BELKOD

© Hönnuður
ÖLL AFNOT OG AFRITUN TEIKNINGAR AÐ HLUTA EÐA Í HEILD ER HÁÐ SKRIFLEGU LEYFI HÖFUNDA